

14. marz **57** sjóðsins, sem síðan skulu lagðir fram á aðalfundi Bakarameistarafélags Reykjavíkur, endurskoðaðir af tveim hæfum mönnum, sem kosnir hafa verið til þess á fundi Bakarameistarafélagsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

58

18. marz

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 184 23. október 1945 og samþykkt nr. 35 2. marz 1943, um breyting á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

16. tölul. 1. gr. samþykktar nr. 35 2. marz 1943 orðist svo:
Hjaltadalsvegur úr Kjarvalsstaðanesi vestan Hjaltadalsár gegnt Laufskálaholti að Reykjum.

2. gr.

1. gr. samþykktar nr. 184 23. október 1945, er úr gildi numin.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1950.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

59

21. marz

R E G L U G E R Ð

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.